

MENNING  
LISTIR

PRENTSMÍÐJA MORGUNBLAÐSINS

LAUGARDAGUR 6. OKTÓBER 1990

BLAÐ **B**

Kjarvalsstaðir:

Imogen Cunninghamham



Imogen Cunningham: „Form blóms“, 1925.

— ævistarf í ljósmyndun

YFIRLITSSÝNING á verkum bandaríska ljósmyndarans Imogen Cunningham verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag. Myndirnar spanna fulla sjö áratugi, sú elsta er tekin 1906 og sú yngsta 1976, en síðar það sama ár lést listakonan, nítiú og þriggja ára gömul. Imogen Cunningham gekk í gegnum mörg skeið á listferli sínum og upplifði gífurlegar breytingar í heimi ljósmyndunarinnar. Hún var vel skóluð, nam meðal annars í Þýskalandi. Við upphaf ferils síns einbeitti hún sér aðallega að mannamyndum en ljóðrænn stíll hennar og næm formræn tilfinning leiddu hana einnig inn á tilraunakenndari og formrænni brautir.

**A**

háskólaárum sínum ákvað Imogen Cunningham að verða ljósmyndari og frá því hvikaði hún ekki, sama á hverju gekk. Elsta mynd hennar er frá námsárunum í Washington-háskólanum, viðkvæmnisleg mynd af henni sjálfri liggjandi í grasi, frá 1906. Hún dáðist af myndum og tækni Edwards Curtis og hafði einnig kynnst verkum Þjóðverjans Gertrude Käsebier, ljóðrænum og björtum stemmingum af fólki, og hrifist af. Því kemur ekki á óvart að Imogen hafi kosið að stunda framhaldsnám í Þýskalandi. Ljóðrænn og næm formskynjun hennar féll mun betur að þeim straumum sem þá voru kraftmestir í Evrópu, meðan kaldari og harðari stíll réð lögum og lofum í heimalandi hennar.



Imogen Cunningham: „Sjálfsmynd“, 1974.

Við heimkomuna árið 1910 settist hún að í Seattle og kom sér upp ljósmyndastofu sem var einstæð á þeim tíma. Hún einbeitti sér að mannamyndum þar sem hún reyndi að túlka persónuleika fyrirsætanna, þekktra sem óþekktra, og meðvitað reyndi hún að sigrast á öllu því sem hefðbundið mátti kallast. Um miðjan annan áratug aldarinnar giftist

Imogen grafíklistamanninum Roy Patridge og nokkru síðar fluttu þau til San Francisco. Barnaupplendi og amstur á heimilinu tók sinn tíma, en 1921 var hún aftur farin að vinna. Nú rýndi hún í það smáa í náttúrunni og gerði einnig tilraunir með samsettar ljósmyndir og yfirstækkaniir. Hún myndaði líkams-  
SÍÁ NÆSTU SÍÐU